

Reykjavík, 20. janúar 2011

Til fjárlaganefndar Alþingis


Við undirritaðir, Lárus L. Blöndal hrl. og Jóhannes Karl Sveinsson, hrl., sem áttum sæti í viðræðunefnd íslenskra stjórnvalda um ábyrgð á endurgreiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi, viljum eftir samráð við Ragnar H. Hall, hrl., og með hliðsjón af athugasemdum hans til nefndarinnar, koma á framfæri eftirfarandi:

- (1) Ragnar H. Hall hefur bent á að í ákvæðum gr. 6.2. í fylgiskjali nr. III með frumvarpi til staðfestingar á samningunum sem áritaðir voru í London 8. desember sl. (bls. 151 í þskj.), komi fram að undanþáguákvæði frá jafnstöðu tryggingasjóða landanna þriggja (pari passu) sé til komið „vegna óvissu um hvort íslenski tryggingarsjóðurinn njóti samkvæmt íslenskum lögum sérstaks forgangs (e. super priority)“ Að mati Ragnars (og okkar Jóhannesar og Lárusar) byggir réttarstaða tryggingasjóðsins í málinu ekki á sérstakri settri lagareglu sem kveður á um sérstakan forgang og hefði því verið réttara að vísa til íslensks réttar í heild sinni eða láta við það sitja að nefna einfaldlega að niðurstaða dómstóls væri hér ráðandi án þess að tekið væri fram á hvaða réttarheimildum dómstóllinn hefði byggt niðurstöðu sína.
- (2) Að mati okkar Lárusar og Jóhannesar er ljóst að samningurinn sjálfur miðar við að íslensk lög í rýmri merkingu (allar íslenskar réttarheimildir) - og án takmörkunar við sett lög - geti skapað grundvöll undir dómsniðurstöðu sem myndi vera ráðandi við beitingu á samningsákvæðunum (gr. 6.2. iii í samningi við Holland og tilsvareandi ákvæði í samningi við Bretland). Við bendum á til samanburðar, að þegar samið er um að ensk lög gildi um samningana er að sjálfsögðu átt við breskan rétt í heild sinni en ekki aðeins sett lög þar í landi.
- (3) Við teljum allir sjálfsagt að fjárlaganefnd árétti þennan skilning í nefndaráliti sínu og þar með lægi fyrir skýrara lögskýringargagn en áður nefndar skýringar með samningnum sjálfum sem vægi þyngra ef vafi teldist einhvern tímann leika á skýringu umræddra ákvæða.

Ragnar H. Hall hefur yfirfarið ofangreint og stöndum við allir undirritaðir að ábendingu þessari.

Virðingarfyllt


Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.


Ragnar H. Hall, hrl.


Lárus L. Blöndal, hrl.